

Fundur 5.2.2024 Carl Sagan.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið.*

Finnst mér ég sífellt magnast í framlífi og gleður það mig, hef ég nokkrum sinnum talað til ykkar og gengið góðar viðtökur og finnst mér það stór merkilegt hversu miklar framfarirnar eru hjá ykkur á ýmsum sviðum, þrátt fyrir að líforka mannkynsins mætti vera meiri og friðurinn meiri hjá ykkur og vandamál á ýmsum sviðum.

Stundum finnst mér eins og vísindamenn jarðarinnar séu komnir jafnhliða okkur að ýmsu leiti, en svo verður bakslag og úr öllum þeim frumskógi tilgangna sem fram koma, eru ekki allar nýtilegar og þegar á heildina er litið, finnst mér eins og undrun mín yfir allri þeirri vitneskju sem ég hef fengið í framlífi, dvíni ekki, en ennfremur er ég stöðugt minntur á það að við erum alveg eins á framfara brautinni eins og þið og til eru svo fjölmargir hnettir þar sem árangurinn er meiri og þekkingin og möguleikarnir á því fjölmarga sem snýr að samskiptum hnattanna á milli og mannkynjanna og skilningi á stjörnugeimnum og skilningi á sköpunarverkinu frá hinu smæsta til hins stærsta.

Er ég einnig stöðugt minntur á það, að ýmsar kenningar þær sem mér fannst svo heillandi þegar ég fyrst kom hingað, hafa svo reynst annað hvort vafasamar eða úreltar með tímanum og minnkar það þó ekki áhugann á því að halda áfram og leiðrétt sig og aðra og halda áfram að fræða fólk og læra meira.

Fyrstu ár mín á þessari framlífs jörð minni, minni fyrstu framlífs jörð, voru stöðug hamingja og undrun, yfir því sem ég gat fengist við og hafði ég mikinn áhuga á því að miðla þessu til ykkar jarðarbúa og hef því reynt nokkrum sinnum.

En nú hef ég komist að því, á undan förnum árum, að vandamál þau sem hrjá framlífs hnettina, eru ekki einskorðuð við þá, heldur tengjast mörgum framlífs hnöttum og ástæðan oft sú sama, að þar eru sömu helstefnu öflin að verki og hefur það jafnvel glætt skilning minn á fyrirbærum stjörnugeimsins og tilverunnar, að sömu helstefnu öflin og veikja fólk og dýrin og jurtirnar, eru að verki í geimnum, þar sem hin furðulegustu atvik eiga sér stað og hindrun verður á landnámi tegundanna og hindrun verður á farsælli myndun sólkerfanna og ófyrirséðar hörmungar verða eins og tengjast svartholum og ýmsum öðrum fyrirbærum geimsins.

Og vil ég ekki tengja það við trúarbrögð, heldur vil ég tengja það við vísindin, að rétt eins og kærleika og mögnun þarf til að hjálpa lifendum að endurlíkamast á okkar hnetti, þannig þarf til samtakamátt með hinni æðstu veru við að mynda sólkerfin og koma þar fram lífi og styðja við hinn skapandi mátt, þar sem fyrirbæri í geimnum fara eftir settum reglum sem styðja við áframhaldandi líf og uppbyggingu en ekki niðurif.

Já ég hef vel kynnt mér hugtök ykkar, eins og lífstefnu og helstefnu og finnst mér eftir því sem ég verð eldri á þessum hnetti, hversu aðdánlega vel þau eru smíðuð og lýsa vel tilverunni.

Finn ég nú orkuna minnka og vil ég komast að efninu, áður en lengra er haldið. Er það æfinlega erfitt að koma með nýjar og torskýranlegar vísindakenningar til ykkar í slíku sambandi miðils, en vona ég að mér takist að koma einhverju í gegn hér í kvöld.

Þið kannist við mig, nafn mitt er Carl Sagan.

*Já heill og sæll og velkominn.*

Já takk fyrir.

Minnist ég þess að ég hef áður rætt við ykkur um svarthol og önnur fyrirbæri geimsins og gat ég ekki svarað því með fullnægjandi hætti hverjar framfarir okkar hafa verið í rannsóknum okkar á þessum fyrirbærum.

En vona ég að mér takist það hér í kvöld. Verð ég að minnast á að vísindamaður sá sem komin er yfir til okkar, og hefur hér fullt starfsþrek og hefur lagt ýmislegt til málanna í þessu, Steven Hawkins, og

*Við biðjum að heilsa honum.*

Já einmitt, og styðjum við hér þá tilgátu að fullkomin eyðilegging á efni sé ekki um að ræða í svartholi, heldur muni þau tengjast ýmsum fyrirbærum geimsins og tilverunnar, sem ég get víst ekki farið nánar út í öll að sinni, þar sem hugtökin kunna að vera framandi og erfitt að koma þeim í gegn.

En eitthvað hafði ég kynnt mér þessi fræði, og hafði mikinn áhuga á þessu á jörðinni, en eitthvað hafði ég kynnt mér þetta, þegar ég var hingað nýkominn, en ýmis ný fyrirbæri sem fáum vísindamönnum er kunnugt um á ykkar jörð og sum eru alveg úppgötvuð hjá ykkur, koma hér við sögu.

En tengjast svartholin vissulega ormagöngum um geiminn og hvítholum svo nefndum, þar sem annars konar virkni á sér stað, veit ég ekki hvort mér tekst að lýsa þessu nógu vel.

En það get ég einnig sagt að við höfum bæði heyrt af tilraunum sem hafa farið út um þúfur í fortíð okkar hnattar og annarra hnatta og eru þetta háskalegar tilraunir og fróðlegar um leið og erum við aðeins á þröskuldi geimferða aldar og höfum með aðstoð annarra getað fluttst á milli með hamfara flutningum og öðrum aðferðum.

En veit ég að þið hafið mikinn áhuga á þessu og vonandi að við getum komið inn á þetta síðar, betur.

En megin boðskapur minn hér í kvöld, á vísindasviðinu, er sá að mannkyn sem komið er á lífstefnu brautina, mun finna dyrnar að hentugri nýtingu þessarar náttúru fyrirbæra og viljum við því senda ykkur orku og vísindamönnum ykkar, svo það verði unnt að snúa við ógnum í lífkerfi jarðarinnar og sumuleiðis efla ykkar vísindamenn og almenning til að fá meiri áhuga á þessum sambands málum og stjórnufræði málum öllum.

Og gleðjumst við yfir margvíslegum árangri sem við fréttum að ykkar vísindamenn hafi náð.

Við höfum ekki náð að beisla þessa orku og þessi fyrirbæri, en það erindi mitt hér í kvöld sem ég hef flutt, gæti orðið til þess að fleiri vísindamenn sem komnir eru einmitt á sporið og á rétta braut muni ramba á réttar uppgötvanir og bindum við miklar vonir við þetta, að það muni liðka fyrir hamfara flutningum og framkomu líkamninga hjá ykkur þegar fram líða stundir og gerist það nokkrum sinnum hjá okkur með aðstoð lengra kominna.

Þakka ég fyrir mig, væri það ágætt ef mér tækist að svara einni eða tveimur spurningum, en veit ég ekki hvort það tekst vel, en skal ég reyna.

*Má ég spurja þig, ert þú á sama hnetti og okkar menn, Nýalsinnar og aðrir ?*

Nei hér er bandarískt þjóðerni og líka fjölþjóðlegt, en ég kom fram við mjög svipaðar kringumstæður, en er í góðu sambandi við þá á þeim hnetti.

*Já, en getur þú lýst í örstuttu máli sólkerfinu, sólhverfinu sem þú ert býrð í, hvað eru margir hnettir og hvað langt frá sólstjörnunni, þinn hnöttur er og er fleiri en ein sól, bara í stuttu máli.*

Já skal ég reyna, hér eru, sólin er gulleit eins og hjá ykkur en einnig er hér tvísólna kerfi, þar sem við göngum um fjarlægari sól einnig og eru hér hnettir staddir á þeim brautum sem nær eru sólu, sem eru stærri en í gamla sólhverfinu og eru hér færri en stærri hnettir lengra í burtu frá sólu og njótum við einnig árstíða skipta með aðstoð mána eins og á gömlu jörðinni og mun það vera nokkuð algengt að þar sem líf þrífst einna best, er máni til aðstoðar við að hjálpa upp á árstíðir og sjávarföll.

Og er hnöttur okkar svipað stór og gamla jörðin, en er farið að bera á öðru vísi möndul halla, en er þó langt í land að það hafi mikil áhrif, en ekki eru árstíðarskiptin eins, og bý ég á landi þar sem oft er bjart og finnst mér það auka mér starfs orku og sofum við þó enn á þessum hnetti.

En já ég hef undrast mjög á því, að ég taldi það sjaldgæft að jarðstjörnur hefðu tungl eins og gamla jörðin, en það mun vera talsvert algengara en við höldum þá og svo mjög algengt að það er næstum því nauðsynlegt upp á það að gera að þessum skilyrðum sé fullnægt um hnött í jafnvægi með sem fullkomnast lífbelti.

Og er það einnig mjög áhugavert hvernig þessir stóru hnettir utarlega í sólhverfinu taka við geimrusli og eru þar aðstæður sem ég hygg að séu mjög æskilegar til verndar plánetum sem hýsa líf eins og þessi og höfum við einmitt fengið merkilegar fregnir af því, hvernig annað hvort líf hefur þurrkast út þar sem loftsteinar hafa komið við sögu eða mikil aðstoð lífstefnu mannkynja hefur verið nauðsynleg til að afstýra þeim hörmungum.

Já þetta voru ágætis spurningar og

*Ég er með eina pínulítla.*

Já.

*Er John F. Kennedy forseti hjá þér ?*

Já, já hann er hér forseti.

*Ok. Þá ert þú á sama hnetti og annar sem kom í sambandið og sagði okkur allt þetta.*

Já. En ég verð víst að kveðja að sinni, þakka ég kærlega fyrir gott hljóð og spurningar og væri mér það sönn ánægja að koma síðar.

Verið þið sæl.

*Vertu blessaður og þakka þér fyrir mjög fróðlegt erindi.*